

**Arngunnur Árnadóttir** nam klarinettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Kjartani Óskarssyni og Listaháskóla Íslands hjá Einari Jóhannessyni. Árið 2008 fékk hún inngöngu í Hochschule für Musik *Hanns Eisler* í Berlín hjá kennurunum Ralf Forster, sem er fyrsti klarinettuleikari Konzerthausorchester Berlin, og Wenzel Fuchs fyrsta klarinettuleikara Berlínarfílharmóníunnar.

Hún hefur leikið einleik með hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og tvívegis með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í síðara skiptið eftir að hafa unnið til þess í keppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníunnar *Ungir einleikarar*. Þá lék hún Première Rhapsodie eftir Claude Debussy. Arngunnur hefur leikið með Kammersveitinni Ísafold og hljómsveitinni Hjaltaín og sem lausráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

**Greta Salóme Stefánsdóttir** hóf tónlistarnám í Suzukiskóla Íslands og var síðar í Allegro Suzukiskólanum þar sem hún lærði hjá Lilju Hjaltdóttur. Þaðan fór hún í Tónlistarskóla Reykjavíkur og lærði þar undir leiðsögn Guðnýjar Guðmundsdóttur. Árið 2008 útskrifaðist hún úr Listaháskóla Íslands með B.Mus gráðu í fiðluleik og einnig lærði hún við Stetson University í Flórída þar sem kennari hennar var Routa Kroumouvitch.

Greta Salóme hefur sótt ýmis námskeið og vann önnur verðlaun í Cynthia Woods Mitchell Young Artist Competition í Texas 2007. Veturinn 2008–9 starfaði hún sem fiðluleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í sumar sótti hún Zephyr International Chamber Music Festival á Ítalíu. Grete starfar nú við ýmis tónlistarverkefni bæði á klassíska sviðinu, sem og öðrum, og í haust mun hún hefja meistaranám í tónlist.

**Hákon Bjarnason** hóf píanónám við 9 ára aldur. Helstu kennarar hans voru Jónas Sen í Nýja Tónlistarskólanum og Halldór Haraldsson við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Hákon útskrifaðist með B.Mus. gráðu frá Listaháskólanum vorið 2008 og hlaut hæstu einkunn fyrir útskriftartónleika sína. Þá flutti Hákon til Berlínar og sótti einkatíma hjá Jürgen Schröder og síðar Klaus Bässler. Í haust hefur Hákon nám við Konservatoríið í Amsterdam þar sem aðalkennari hans verður Marcel Baudet.

Í október 2009 vann Hákon píanókeppni Íslandsdeildar EPTA í efsta aldursflokki. Í kjölfarið tók Ríkisútvarpið upp þrjú verk í flutningi hans og útvarpaði á nýársdag 2010. Tvo yngri flokka keppninnar hafði hann unnið árin 2000 og 2003. Hákon var einn sigurvegari í keppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands *Ungir einleikarar* 2007 og hlotnaðist að leika fyrsta píanókonsert Prokofjeffs með hljómsveitinni í janúar 2008.

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert*

Arngunnur Árnadóttir

klarinetta

Greta Salóme Stefánsdóttir

fiðla

Hákon Bjarnason

píanó



Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 31. ágúst 2010 kl. 20:30

Heimborgarinn **Leifur Þórarinsson** lærði tónsmíðar í München, París, Vín og New York. Hann var einn af fyrstu íslensku tónskáldunum til að tileinka sér stíl seríalísmans en tónlist hans var einnig innblásin af djass-tónlist.

Hinar fjölbreyttu tónlistarstefnur sem Leifur sótti innblástur í eru áberandi í tríóinu *Áfangar* frá árinu 1979. Tríóið byggir á fullminnkuðum sjö-undarhljómi sem einkennist af spennu en jafnframt stefnuleysi. *Áfangar* eru tileinkaðir listmálaranum Kristjáni Davíðssyni og sækir innblástur í samnefnt málverk eftir hann.

**Darius Milhaud** var einn klíkubræðra tónskáldaklíkunnar *Les Six*, en þar á meðal voru Francis Poulenc og Arthur Honegger. Félagarnir sex voru áberandi í menningarlífi Parísar á þriðja áratugnum og áttu þá sameiginlegu hugsjón að semja hversdagslega tónlist sem ekki var hafin yfir almenning, tónlist sem hægt var að „búa í eins og húsi“ eins og segir í stefnuyfirlýsingu hópsins.

Á laugardagskvöldum stóð Milhaud fyrir samkvæmum þar sem helstu listaspírur Parísarborgar létu sig ekki vanta og á meðal gesta voru listamenn á borð við Picasso. Í þessum veislum var gjarnan leikinn djass, en sú tónlist átti hug margra klassískra tónskálda þessa tíma og eru áhrif djassins alsráðandi í *Svítunni* sem hér verður flutt.

*Svíta* op. 157b (1936) byggist á tónlist sem Milhaud samdi við leikritið *Le voyageur sans bagage* (Ferðalangur án farangurs) eftir Jean Anouilh. Leikritið fjallar um hermann úr fyrri heimsstyrjöldinni sem hefur misst minnið. Hann reynir að komast á snoðir um uppruna sinn en það reynist hægara sagt en gert þar sem nokkrar fjölskyldur gera tilkall til hans.

Rússneska tónskáldið **Igor Stravinskíj** bjó einnig lengi í París. Þrátt fyrir uppþotið sem frumflutningur á *Vorblóti* hans olli, var hann vinsæll meðal Parísarelítunnar og sló sér á tímabili meira að segja upp með tískuhönnuðinum Coco Chanel. Hann var ekki síður samkvæmisljón en Darius Milhaud og félagar og deildi ástríðu þeirra fyrir djassi.

Í sviðsverkinu *l'Histoire du Soldat* (Sögu dátans) frá árinu 1918 birtist djassinn í rússneskum búningi Stravinskíjs. Í upprunalegri mynd sinni er verkið fyrir sjö hljóðfæraleikara, sögumann, tvo leikara og dansara. Sagan byggir á rússnesku ævintýri og var leiktextinn skrifaður af C.F. Ramuz. Í sögunni segir frá dáta sem lætur skrattanum fiðlu sína í té í skiptum fyrir bók sem segir fyrir um framtíðina. Dátinn auðgast á spádómum bókarinnar en hefnist að lokum fyrir græðgi sína, því eins og allir vita er veraldlegur auður einskis virði og viðskipti við skrattann ávallt vafasöm.

Árið 1919 setti Stravinskíj saman *Svítu úr l'Histoire du Soldat* fyrir fiðlu, klarinetu og píanó og tileinkaði góðvini sínum og áhugaklarinetu-leikaranum Werner Reinhart.

## Efnisskrá

Leifur Þórarinsson 1934 – 1998	Áfangar fyrir klarinetu, fiðlu og píanó
Darius Milhaud 1892 – 1974	Svíta op. 157b fyrir fiðlu, klarinetu og píanó <i>i</i> Ouverture <i>ii</i> Divertissement <i>iii</i> Jeu <i>iv</i> Introduction et Final
Igor Stravinskíj 1882 – 1971	Svíta úr <i>l'Histoire du Soldat</i> fyrir klarinetu, fiðlu og píanó <i>i</i> Marche du Soldat <i>ii</i> Le violon du Soldat <i>iii</i> Petit concert <i>iv</i> Tango - Valse - Rag <i>v</i> Danse du Diable

**Arngunnur Árnadóttir** studied the clarinet with Kjartan Óskarsson at the Reykjavík College of Music and Einar Jóhannesson at the Iceland Academy of the Arts. In 2008 she was accepted at the Hochschule für Musik *Hanns Eisler* Berlin, where she studies with Ralf Forster, principal clarinetist of the Konzerthausorchester Berlin, and Wenzel Fuchs, principal clarinetist of the Berliner Philharmoniker.

She has performed solo concerts with the Reykjavík College of Music Orchestra and twice with the Iceland Symphony Orchestra; the second time she played Debussy's *Première Rhapsodie*, after winning the orchestra's *Young Soloists' Competition*. Arngunnur freelances with the Iceland Symphony Orchestra, and performs with Ísafold Chamber Orchestra and the Icelandic pop band Hjaltalín.

**Greta Salóme** started her musical studies at the age of 4 at the Suzuki School of Iceland and later the Allegro Suzuki School with Lilja Hjaltadóttir. At 13 she attended the Reykjavík College of Music to study with Guðný Guðmundsdóttir and she spent a year in Florida, studying with Routa Kroumouvitch at Stetson University. In 2008 she graduated from the Iceland Academy of the Arts and the following season she was a member of the Iceland Symphony Orchestra.

Greta Salóme has done various musical projects both on the classical and non-classical music field and this fall she will pursue her master's degree in music.

**Hákon Bjarnason** started playing the piano at the age of 9. His main teachers were Jónas Sen at the New Music School, and Halldór Haraldsson at the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts. Hákon graduated with a Bachelor of Music degree from the Academy in the spring of 2008, receiving the highest grade. Since the autumn of 2008 Hákon has been studying in Berlin with Jürgen Schröder and Klaus Bässler. This fall, Hákon will start his studies at the Amsterdam Conservatory with professor Marcel Baudet.

In October 2009 Hákon won the EPTA-Iceland piano competition in the oldest participants' category. As a result, the Icelandic National Broadcasting Service recorded three pieces performed by Hákon and broadcast on New Year's Day 2010. He had won the other two categories of the competition in 2000 and 2003. As one of the prize winners of the *Young Soloists' Competition* in the autumn of 2007 he played Prokofiev's First Piano Concerto with the Iceland Symphony Orchestra in January 2008.